

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐARSTÖÐ EBK Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Dagsetning	3. maí 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	EBK ehf.	Starfsleyfi, gildir til	7. mars 2025
Heimilisfang	Keflavíkurflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	460406-0210	Fulltrúar fyrirtækis	Halldór Kristjánsson Hinrik Sigurðsson
Isat nr.	63.23.0	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N63 59,771 V22 38,251
Starfsemi	Önnur þjónusta tengd flutningum í lofti		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi. Botnþykktarmæla þarf niðurgrafna geyma og úrgangsolúgeymi, þrýstiprófa afgreiðslulagnir í stöðinni og aðlaga merkingar á geymum og lögnum að kröfum í reglugerð nr. 35/1994. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöð EBK ehf. var á öryggis- og varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli þar til breytingar urðu þar á nýlega. Stöðin hefur því starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja árið 2007. Umhverfisstofnun hefur tekið við eftirliti með stöðinni.

Sest var niður með starfsmönnum stöðvarinnar og farið var yfir kröfur starfsleyfis til mengunarvarna. Kröfurnar ná til geyma og lagna, mengunarvarnarþróar og hreinsunar á frárennsli stöðvarinnar. Einnig til merkinga í stöðinni, búnaðar hennar ásamt mælingum og skráningum á eftirliti og viðhaldi stöðvarinnar.

Skoðuð var rekstrarhandbók og farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar voru skoðaðar. Verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis voru skoðaðar.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1: Botnþykktarmælingar geyma, grein 3.2 í starfsleyfi

Frávik frá: Í starfsleyfi, gr. 3.2, er gerð krafa um að botnar og neðsta umfar geyma skuli mæla á minnst 10 ára fresti. Tveir niðurgrafnir geymar eru í stöðinni og skal botnþykktarmæla þá ellegar aftengja þá og fjarlægja. Úrgangsolúgeymir er staðsettur ofanjarðar í stöðinni og ekki voru til upplýsingar um þykktarmælingar á honum.

Frávik 2: Þrýstiprófanir lagna, grein 3.2 í starfsleyfi

Frávik frá: Í starfsleyfi, gr. 3.2, er gerð krafa um að þrýstiprófa skuli neðanjarðarlagnir árlega og aðrar lagnir á 5 ára fresti. Olíubirgðastöðin EBK ehf. er samtengd olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. með neðanjarðarlögn sem nýlega var þrýstiprófuð. Eins hefur svokölluð „hýdrantalögn“ EBK á flughlað verið þrýstiprófuð. Stytttri neðanjarðarlögn á milli dæluhúss og afgreiðslupalls sem og neðanjarðarlögn á milli dæluhúss og „eyju“ hafa ekki verið þrýstiprófaðar svo vitað sé. Einnig er fjöldi ofanjarðarlagna í stöðinni. Þrýstiprófa þarf því allar lagnir innan stöðvar, eða aftengja, blinda og fjarlægja lagnirnar.

Frávik 3: Merkingar lagna og geyma, grein 2.5 í starfsleyfi

Frávik frá: Í starfsleyfi, gr. 2.5, er gerð krafa um að frágangur geyma og lagna skuli vera í samræmi við ákvæði reglugerðar 35/1994. Í reglugerðinni eru ákvæði um samræmdar merkingar á olúgeymum og olíulögnum í birgðastöðvum. Ljúka þarf merkingu geyma og lagna.

Athugasemdir:

Engar aðrar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Reykjavík, 11/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.